



Fjölbrautaskóli Suðurlands

## Grunnur B

## ÍSLEIGB05

Kennsluáætlun – haustönn 2024

### Kennarar áfangans:

Jón Özur Snorrason (JÖZ) jozur@fsu.is, Katrín Rut Sigurgeirsdóttir (KSG) katrin.rut@fsu.is og Kristjana Hallgrímsdóttir (KH) kristjanah@fsu.is.

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lagt upp með að nemendur þjálfist í lestri, lesskilningi, framsögn, málnotkun og ritun. Lesin er ein skáldsaga og verkefni tengd henni unnin til að þjálfra ritun, lesskilning og málnotkun. Að auki eru unnin smærri verkefni sem ætluð eru til að þjálfra nemendur í munnlegri og skriflegri tjáningu og túlkun.

**Undanfari:** ÍSLEIGA05 eða grunnskólaeinkunn upp á C+ í íslensku.

### Markmið áfangans

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- Helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- Orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli ungs fólks
- Mismunandi lestraraðferðum
- Nokkrum tegundum nytja- og bókmenntatexta
- Helstu bókmenntahugtökum

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa mismunandi textagerðir í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- Nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- Nýta málfræðihugtök til að bæta eigin málfærni
- Flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- Lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- Taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- byggja upp mismunandi texta með viðeigandi málfari
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar texta
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir og skoðanir á málefnalegan hátt
- nýta algengar leiðir til að leggja áherslu á orð sín
- beita blæbrigðum í máli til að forðast einhæfni og endurtekningar
- setja sig í spor annarra og virða skoðanir þeirra

### Námsefni:

- Skáldsagan *Vetrarfrí* eftir Hildi Knútsdóttur.
- Efni frá kennara

#### Námsmat:

- Skrítnastur er maður sjálfur 10%
- Vetrarfrí (verkefnavinna og próf) 35%
- Ritun. 20%
- Málnotkun (verkefnavinna og próf) 35%

#### Kröfur og verkefnaskil:

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögð fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað.
- Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur sótt um sjúkrapróf hjá kennara.
- Símanotkun í tímum er óheimil nema annað sé tekið fram.
- Nemendum ber að virða höfundarétt. Gerist nemendur uppvísir um ritstuld fá þeir undantekningalaust einkunnina 0.
- Kennarar taka einungis við skilaboðum í gegnum Innu eða í tölvupósti, ekki í Messenger.

### Vinnuáætlun – haustönn 2024

Dags.	Viðfangsefni
-------	--------------

20.-23. ágúst	Áfangi kynntur. Kennsla hefst á þriðjudegi. Skáldsagan <b>VETRARFRÍ</b> er lesin heima. Þegar vinna með skáldsöguna fer af stað er í upphafi hvernar viku tekið krossapróf úr þeim hluta sem á að lesa. Mikilvægt að vera vel lesinn í hverri viku.
26. - 30. ágúst	Skrítnastur er maður sjálfur. Verkefnavinna. <i>Lesið bókina Vetrarfrí heima.</i>
2. - 6. sept.	Skrítnastur er maður sjálfur. Verkefnavinna og próf. <i>Lesið bókina Vetrarfrí heima.</i>
9. - 13. sept. <i>Nýnemaferð þri 10.sept</i>	<b>Vetrarfrí</b> Próf 1 í fyrri tímanum (bls. 5-90). Verkefnavinna.
16. - 20. sept. <i>Foreldraferð þri 17.sept.</i>	Próf 2 í fyrri tímanum (bls. 91-140). Verkefnavinna.
23. - 27. sept.	Próf 3 í fyrri tímanum (bls. 141-200). Verkefnavinna.
30. sept. - 4. okt.	Próf 4 í fyrri tímanum (bls. 201-263). Verkefnavinna.
7. - 11. okt. <i>Valdagur (mið)</i>	<b>Ritun</b> Bygging efnisgreina.
14. - 18. okt. <i>Haustfrí (fim+fös)</i>	Stutt ritunarverkefni og rökfærsla.
21. - 25. okt.	<b>Vetrarfrí</b> , ritgerð.
28.okt - 1.nóv.	Ritgerð kláruð og skilað.
4. - 8. nóv.	<b>Ritun</b> . Heimildavinna.
11. - 15. nóv. <i>Dagur íslenskrar tungu (lau)</i>	<b>Málnotkun</b> Málnotkun, verkefni 1 (Fallorð og orðaforði)
18. - 22. nóv.	Málnotkun, verkefni 2 (Fallorð og sagnorð)
25. - 29. nóv.	Málnotkun, verkefni 3 (Sagnorð og óbeygjanleg orð)
2. - 6. des. <i>Dimmisjón (fös)</i>	Málnotkun, upprifjun og <b>próf</b> .
9. - 13. des. <i>Námsmat hefst á fim.</i>	Uppsóp Verkefni 4 (Óbeygjanleg orð og huglæg og hlutlæg málnotkun)

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um gott samstarf,  
íslenskukennarar